

## GJALDSKRÁ

### fyrir Vatnsveitu Álftaneshrepps í Borgarbyggð.

#### 1. gr.

Vatnsgjald Vatnsveitu Álftaneshrepps er 0,3% af fasteignamati þeirra húsa sem tengd eru vatnsveitunni en þó að hámarki kr. 28.800 á hverja jörð eða sumarhús.

#### 2. gr.

Til viðbótar vatnsgjaldi sem fram kemur í 1. gr. skal notandi greiða aukavatnsgjald sem nemur kr. 28 kr./m<sup>3</sup>. Vatnsnotkun skal áætluð í samræmi við búfjárskýrslu og skal miða við eftirfarandi töflu:

Kind	5	l/dag
Geldneyti	26	l/dag
Kálfar	13	l/dag
Kýr	65	l/dag
Hross	17,5	l/dag
Svín	10	l/dag
Grisir	5	l/dag

Þegar mælir hefur verið settur upp hjá notendum skal aukavatnsgjaldið innheimt samkvæmt notkun.

#### 3. gr.

Vatnsgjald skv. 1. gr. skal innheimt með fasteignagjöldum en aukavatnsgjald skal innheimta sérstaklega og er gjalddagi þess 1. maí og eindagi mánuði síðar.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005.

Með samþykkt þessarar gjaldskrár fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 1239/2014.

#### 5. gr.

Gjaldskrá þessi gildir frá birtingu hennar í Stjórnartíðindum.  
Samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar 10. desember 2015.

*Borgarnesi, 11. desember 2015.*

**Kolfinna Jóhannesdóttir** sveitarstjóri.